

**Ed.**

### **766. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja með reglugerð sérstakan skatt á hreinar tekjur ársins 1940, að frádræginni upphæð, eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar, fyrir hvern skylduómaga, samkvæmt því, sem skattanefndir hafa talið þá. Má skattur þessi nema allt að 5% (fimm af hundraði) af tekjunum þannig ákvörðuðum. En hreinar tekjur ákveðast samkv. reglum 7.—10. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. janúar 1935, þó svo, að eigi gildi ákvæði 8. gr. þeirra laga um frádrátt á tekjum félaga vegna varasjóðstillags og 5% af hlutafé eða stofnfé.

Skatturinn reiknast þannig:

Fyrstu 1 þúsund kr. af tekjunum eru skattfrjálsar.

Af 2. þúsundinu reiknast 10% af skattinum

— 3. — — 20 — — —

— 4. — — 40 — — —

— 5. — — 60 — — —

— 6. — — 80 — — —

— 7. — — — — — — —

og því, sem þar er fram yfir, greiðist skatturinn með fullu hundraðsgjaldi.